

**Nr. 019 / 11 Gullhólmi SH 201*****Skipverji slasast á hendi***

Skipask . nr. 0264 IMO .nr. 6410221  
Smíðaður: Noregi 1964, stál  
Stærð: 331,1 brl. 471,2 bt.  
Mesta lengd: 49 m Skráð lengd: 44,4 m  
Breidd: 7,5 m Dýpt: 6,26 m  
Vél: Caterpillar 1038 kW, 1986  
Fjöldi skipverja: 14



Gullhólmi©Hilmar Snorrason

**Gögn:**  
Lögregluskýrsla  
Gögn RNS

Málið afgreitt á fundi 27. maí 2011 af Inga Tryggvasyni, Hilmari Snorrasyni, Pálma K. Jónssyni, Jóhanni Ársælssyni og Ólafi K. Ármannssyni

*Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í opinberu máli.*

***Atvikalýsing:***

Þann 10. febrúar 2011 var Gullhólmi SH 201 á línuveiðum á Flákakanti. Veður: SA 9 m/sek

Skipverji var að blóðga fisk en þegar hann ætlaði að kasta honum í þvottakar festist krókur í þumalfingri hægri handar. Skera þurfti í fingurinn til að ná króknum þar sem hann var fastur upp að agnhaldi og síðan búið um sárið.

***Við rannsókn kom fram:***

- að slasaði, sem var rúllumaður, blóðgaði jafnframt aflann. Hann sagðist hafa haldið í haus fisksins með vinstri hendi en með hinni á hnífnum. Hann hafi ekki tekið eftir að krókur stóð fastur í neðri kjálka fisksins. Þar sem fiskurinn var stór (10 kg) tók hann einnig með hægri hendi undir fiskinn til að koma honum yfir í sjókarið.

***Nefndarálit:***

Nefndin ályktar ekki í málinu.